



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: Umsögn við tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fylgigögn með ársfjórðungsyfirliti húsnæðisáætlunar

Á fundi borgarráðs þann 1. september 2022 var lögð fram svohjóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Lagt er til að fjöldi þeirra sem eru á biðlista eftir húsnæði hjá Reykjavíkurborg fylgi með þegar ársfjórðungsyfirlit húsnæðisáætlana er lögð fram. Yfirlitið tilgreini hvað manneskjurnar hafi beðið lengi, hvernig húsnæði sé verið að bíða eftir, fjölskyldusamsetningu þeirra sem eru á biðlistum og einnig verði sett fram yfirlit um hvað það sé ætlast til þess að þau bíði lengi.

Meðfylgjandi greinargerð fylgdi tillögunni:

Húsnæðisáætlun verður að ná utan um okkur öll og þegar litið er til biðlista Reykjavíkurborgar eftir húsnæði má sjá að þörfin er mikil. Þann 31. ágúst eru 607 skráð á biðlista eftir almennu félagslegu húsnæði. Nýjustu tölur vegna fjölda umsækjenda á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk telja 135. 61 bíða eftir húsnæði fyrir heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir og 129 eru á bið eftir þjónustuíbúð aldraðra. Samtals er um að ræða 932 umsóknir og þá eru ótaldar umsóknir vegna milliflutnings í húsnæði sem hentar betur þörfum fólksins og fjölskyldnanna.

Umsögn:

Að mati velferðarsviðs er vel mögulegt að taka saman þær upplýsingar sem tiltekna eru í tillögunni og láta fylgja ársfjórðungsyfirliti húsnæðisáætlunar enda er um að ræða upplýsingar sem liggja fyrir í gagnagrunnum sviðsins og hægt er að leggja fram með auðveldum hætti. Hins vegar gildir þetta ekki um yfirlit um æskilegan/áætlaðan biðtíma hverrar umsóknar. Ekki er hægt að tala um æskilegan/áætlaðan biðtíma eftir úthlutun húsnæðis þar sem horft er til aðstæðna hvers og eins umsækjanda og hvað mál er metið brýnt en eitt af því sem horft er til við úthlutun húsnæðis er aldur umsóknar.

Hér að neðan má sjá í töflu 1 fjölda umsækjanda sem eru á bið eftir félagslegu leiguhúsnæði í öllum tegundum félagslegs leiguhúsnæðis skipt eftir fjölskyldugerð umsækjanda, þann 1. september 2022.

**Tafla 1**

Fjöldi umsækjenda á bið eftir félagslegu leiguhúsnæði 1. september 2022. Skipting eftir fjölskyldugerð og tegund húsnæðis sem sótt er um.

Fjölskyldugerð	Tegund húsnæðis					Samtals
	Almennt félagslegt	Þjónustu-íbúðir	Húsn. f. fatlað fólk	Húsn. f. heimilisl.		
Einhleypur karl	295	43	84	47		469
Einhleyp kona	157	65	53	13		288
Einhleypur faðir	10					10
Einhleyp móðir	91					91
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	13	10				23
Hjón/sambýlisfólk með börn	38					38
Samtals	604	118	137	60		919

Úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis fer fram á sérstökum fundum úthlutunarteyma sem forgangsraða umsóknum frá miðstöðvum borgarinnar og úthluta húsnæði eftir reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Forgangs röðun tekur mið af faglegu mati ráðgjafa og úthlutunarteymis ásamt stigagjöf samkvæmt matsviðmiðum reglna. Aðstæður umsækjanda geta breyst á meðan beðið er eftir úthlutun og er það helsta ástæða fyrir langri bið. Ávallt er lögð er áhersla á að veita þjónustu á biðtíma og ef umsækjandi er ekki með húsnæði á biðtíma eru málin skoðuð sérstaklega.

Töflur 2 til 5 sýna sundurgreint eftir tegundum félagslegs leiguhúsnæðis fjölda umsækjanda á bið eftir félagslegu leiguhúsnæði, eftir fjölskyldugerð og biðtíma.

Tafla 2

Fjöldi umsækjenda á bið eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði 1. september 2022. Skipting eftir fjölskyldugerð og biðtíma.

Fjölskyldugerð	Biðtími						Samtals
	Minna en 1 ár	1-<2 ár	2-<3 ár	3-<4 ár	4-<5 ár	5 ár eða meira	
Einhleypur karl	138	87	38	11	9	12	295
Einhleyp kona	82	48	14	4	4	5	157
Einhleypur faðir	5	4	1	0	0	0	10
Einhleyp móðir	54	30	5	2	0	0	91
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	8	2	1	1	0	1	13
Hjón/sambýlisfólk með börn	24	11	2	0	0	1	38
Samtals	311	182	61	18	13	19	604

Ef biðtími er skoðaður þá eru 50 umsækjendur af 604 sem hafa beðið í þrjú ár eða lengur eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði og þar af eru fjórir umsækjendur með börn (sjá töflu 2). Margar ástæður geta verið fyrir þessari bið t.d. ef umsækjendur eru í öruggu húsnæði á biðtíma.

**Tafla 3**

Fjöldi umsækjenda á bið eftir þjónustuíbúð 1. september 2022. Skipting eftir fjölskyldugerð og biðtíma.

Fjölskyldugerð	Minna en 1 ár	1-<2 ár	2-<3 ár	3-<4 ár	4-<5 ár	5 ár	Samtals
						eða meira	
Einhleypur karl	19	12	2	1	2	7	43
Einhleyp kona	23	18	5	6	2	11	65
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	7	1	2	0	0	0	10
Samtals	49	31	9	7	4	18	118

Það eru 29 umsækjendur um þjónustuíbúðir af 118 sem hafa beðið í þrjú ár eða lengur eftir úthlutun (sjá töflu 3). Algengt er að umsóknir um þjónustuíbúðir séu á bið um tíma þar sem umsækjendur eru ekki tilbúnir að flytja þó þeir eigi umsókn í gildi. Þessar umsóknir hafa ekki verið teknar af bið heldur er merktar sérstaklega. Einnig skiptir heilsufar umsækjanda um þjónustuíbúð máli varðandi úthlutun og hvort er hægt að veita þjónust heim áður en til úthlutunar kemur.

Tafla 4

Fjöldi umsækjenda á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk 1. september 2022. Skipting eftir fjölskyldugerð og biðtíma.

Fjölskyldugerð	Minna en 1 ár	1-<2 ár	2-<3 ár	3-<4 ár	4-<5 ár	5 ár	Samtals
						eða meira	
Einhleypur karl	13	22	13	7	12	17	84
Einhleyp kona	4	11	7	8	5	18	53
Samtals	17	33	20	15	17	35	137

Fjöldi umsækjenda um húsnæði fyrir fatlað fólk sem hefur beðið í þrjú ár eða lengur eftir úthlutun eru 67 af 137 umsækjendum (sjá töflu 4). Ástæða þessa er helst skortur á úrræðum sem gert er ráð fyrir að unnt verði að mæta með nýlega samþykktri uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk. Átak verður gert í að tilkynna fólki á biðlistanum reglulega um stöðu umsóknar á biðlista.

Tafla 5

Fjöldi umsækjenda á bið eftir húsnæði fyrir húsnæði fyrir heimilislausar með miklar og flóknar þjónustubarfir 1. september 2022. Skipting eftir fjölskyldugerð og biðtíma.

Fjölskyldugerð	Minna en 1 ár	1-<2 ár	2-<3 ár	3-<4 ár	4-<5 ár	5 ár	Samtals
						eða meira	
Einhleypur karl	7	15	15	5	3	2	47
Einhleyp kona	5	5	2	1			13
Einhleyp móðir		1					1
Samtals	12	21	17	6	3	2	61

Í flokki heimilisláusra með mikla og flóknar þjónustubarfir eru 11 umsækjendur sem hafa beðið í þrjú ár eða lengur (sjá töflu 5).

Dís Sigurgeirsdóttir
starfandi sviðsstjóri